



Skiptingafélagið – 7.09.2015

16. fundur

7. september 2015 kl. 13:30-15:00

Fundarstaður: Hótel Reyhlið.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Pétur Snæbjörnsson tilkynnti forföll.

Hólmgeir Hallgrímsson, varamaður Péturs Snæbjörnssonar forfallaðist á síðustu stundu.

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi vegna smávirkjunar.*
2. *Kálfaströnd. Umsókn UST um framkvæmdaleyfi fyrir bílastæðum.*
3. *Kröfluvirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi.*

1. **Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi** S20150601

Tekið fyrir að nýju, en málið var síðast á dagskrá nefndarinnar á síðasta fundi hennar 17. ágúst s.l. Farin var kynnisferð að fyrirhuguðum framkvæmdastað 25. ágúst s.l. Í ferðinni voru fulltrúar frá Neyðarlínunni, Vatnajökulsþjóðgarði, Skútustaðahreppi og Mannviti, verkfræðistofu. Helgi Héðinsson formaður nefndarinnar var fulltrúi Skútustaðahrepps í þessari kynnisferð og gerir hann nefndinni grein fyrir niðurstöðum úr ferðinni og fyrirhuguðum breytingum á upphaflegum virkjunarhugmyndum. Helstu breytingar eru þær að í stað virkjunar með uppistöðulóni verði gerð rennslisvirkjun sem verður mun minna áberandi í umhverfinu en upphaflegar hugmyndir gerðu ráð fyrir.

B.R.

Skipulagsnefnd lýsir ánægju sinni með breyttar virkjunarforsendur og heimilar áframhaldandi vinnu við deiliskipulagstillöguna til samræmis við breyttar forsendur.

2. Kálfaströnd. Umsókn UST um framkvæmdaleyfi fyrir bílastæðum.

S20150403

Erindi dags 20. ágúst 2015 frá Davíð Örvari Hanssyni f.h. Umhverfisstofnunar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir gerð nýrra bílastæða í landi Kálfastrandar í Mývatnssveit skv. uppdrætti dags 31. ágúst 2015 frá Landslagi. Umsókn fylgir samþykki landeiganda, Elínar Einarsdóttur, þar sem hún heimilar fyrir sitt leyti fyrirhugaða framkvæmd.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

3. Kröfluvirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20150801

Tekið fyrir að nýju erindi dags 12. ágúst 2015 frá Einari Matthiesen, framkvædmastjóra orkusviðs Landsvirkjunar, f.h. Landsvirkjunar þar sem þess er farið á leit við sveitarstjórn Skútustaðahrepps með tilvísan í 13.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir borun tveggja 1700-2000m háhitaborhola fyrir Kröflustöð á Kröflusvæðinu, K-41 og K-42. Málið var áður á dagskrá á síðasta fundi nefndarinnar 17. ágúst s.l.

Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum 26. ágúst s.l. vegna athugasemda frá formanni Landeigendafélags Reykjahlíðar sem taldi að samþykki landeigenda þyrfti að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi væri veitt með vísan í ákvæði í deiliskipulagi Kröfluvirkjunar um að Landsvirkjun þyrfti að sýna fram á að hún hefði yfir landréttindum að ráða vegna slíkra framkvæmda. Borist hefur bréf frá Herði Arnarsyni forstjóra Landsvirkjunar þar sem túlkun formanns landeigenda á gildandi samningum er mótmælt.

Leitað var lögfræðiálits hjá Jóni Jónssyni hrl hjá Sókn lögmannsstofu vegna þessa ágreinings og er niðurstaða hans eftirfarandi:

B.R.

Um inntak eignarréttarlegra heimilda Landsvirkjunar. Framkvæmdaleyfi.

Eignarréttarlegar heimildir Landsvirkjunar til nýtingar svæðisins hvíla á samningi frá 1971, sem gerður var upphaflega af Íslenska ríknu við landeigendur Reykjahlíðar. Í 1. gr. samningsins kemur fram:

Jarðhitaréttindi í landi Reykjahlíðar á jarðhitasvæði því sem afmarkað er á viðfestum uppdraetti og landamerkjalyðingu ásamt jarðhita þeim sem þar er að finna og aðstöðu til mannvirkjagerðar til nýtingar hans eru héðan í frá ríkissjóði til frjálsra umráða og ráðstöfunar.

Deilt hefur verið um inntak samningsins, s.s. í Hæstaréttarálinu nr. 560/2009. Í umfjöllun dómsins kemur fram um inntak ofangreinds samningstexta að samningurinn hafi falið í sér fullnaðarafsál fyrir beinum eignarrétti að jarðhitaréttindum á svæðinu, jarðhita sem þar fyndist og aðstöðu til mannvirkjagerðar til nýtingar hans.

Óumdeilt er að framkvæmd sem um ræðir verður innan þess svæðis sem samningurinn frá 1971 tekur til. Þá er óumdeilt að framkvæmdirnar eru þáttur í nýtingu jarðhita, þ.e. varða aðstöðu til mannvirkjagerðar til nýtingar hans.

Það er álit undirritaðs að ekki séu forsendur til að hafna útgáfu framkvæmdaleyfa með vísan til þess að Landsvirkjun skorti eignarréttarlegar heimildir til framkvæmdanna eða að þörf sé á frekari heimildum landeigenda Reykjahlíðar vegna framkvæmdanna.

Virðingarfyllst, Jón Jónsson hrl. 1.9.2015.

www.sokn.is

Helgi Héðinsson vék af fundi við afgreiðslu á þessum lið.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn með vísan í lögfræðilít frá Jóni Jónssyn hrl hjá Sókn lögmansstofu að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir holu K-42 eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um. Skv. túlkun Skipulagsstofnunar leikur vafi á um að borun holu K-41 hafi fengið umfjöllun í ferli mats á umhverfisáhrifum og þá hvenær. Nefndin frestar því að sinni að fjalla um framkvæmdaleyfi vegna holu K-41 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma þessum skilaboðum á framfæri við Landsvirkjun.

Fundi slitið.

*Árinn Bayarbyrd
Selma Dilmundsdóttir
Biggi Steingrimsdóttir*